

**Nd.**

**559. Breytingartillaga**

við frv. til l. um Kennaraskóla Íslands.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við frv. komi svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Fræðslumálastjórnin gerir ráðstafanir til að tryggja kennaraskólanum hentugt land við jarðhita í sveit, með það fyrir augum, að þar verði reist hús handa skólanum, þegar þörf gerist og fé er veitt til í fjárlögum. Velja skal staðinn með tilliti til þess, að þar verði jafnframt heimavistarskóli fyrir börn í einu eða fleiri fræðsluhverfum, enda sé sá skóli æfingaskóli samkvæmt 9. gr.